



8. fundar stjórnar SSA 24. maí 2016.

Fundurinn hófst kl. 12.30 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi, Tjarnarbraut 39e, Egilsstöðum. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson, Andrés Skúlason, Dýrunn Pála Skaftadóttir og Margrét Guðjónsdóttir.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 7. stjórnarfundum SSA lögð fram til samþykkis.
2. Fundargerðir frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál lagðar fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur lagt fram til kynningar og eftir atvikum afgreiðslu.
 - a) Fundargerð frá HAUST – Heilbrigðiseftirlit Austurlands.
 - b) Ábendingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til starfshóps um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis.
 - c) Óskir um umsagnir. Samþykkt að unnin verði umsögn um frumvarp til laga um fjármálaáætlun og fjármálastefnu ríkisins 2017-2021 og frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð.
 - d) Fagháskóli – Kynning og fundargerð.
 - e) Stuðningur við atvinnu- og byggðaþróun – Ríkisendurskoðun.
 - f) Úthlutun styrkja úr framkvæmdasjóði.
 - g) Úthlutun styrkja úr húsafriðunarsjóði.
 - h) Úthlutun styrkja úr fornminjasjóði.
 - i) Ályktun frá NAUST – Náttúrverndarsamtökum Austurlands.
 - j) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um samgönguáætlun.
 - k) Gögn frá Starfsendurhæfingu Austurlands, StarfA.
 - l) Ársskýrsla Byggðastofnunar. Gestur: Páll Baldursson, stjórnarmaður í Byggðastofnun. Farið yfir upplýsingar í ársskýrslu, samskipti Byggðastofnunar við Austurbrú og Austurland og vinnu við byggðaáætlun og áherslur þar.

2. Almenningsamgöngur

1. Tillaga og fundargerðir starfshóps um framtíð almenningsamgangna á Austurlandi. Gestur: Páll Baldursson, verkefnisstjóri SvAust hjá Fjarðabyggð

fór yfir vinnu hópsins og efni tillögunnar. Gert er ráð fyrir að tillagan verði tekin til umfjöllunar á aðalfundi SSA á hausti komandi. Stjórn SSA felur hópnum og Páli Baldurssyni að vinna frekari fjárhagslegar upplýsingar og gögn til að leggja fram með tillögunni á aðalfundi.

2. Þróunarstyrkir vegagerðarinnar. Tveir styrkir fengust; annars vegar 3,5 milljónir vegna rekstrarvanda, hins vegar 5 milljónir til tengingar Breiðdalsvíkur og Djúpavogs og 2 milljónir til tengingar almenningsgangna Fljótaldalshéraðs við kerfi SvAust. Stjórn SSA fagnar þessum styrkjum. Páll Baldursson, verkefnisstjóri SvAust hjá Fjarðabyggð kynnti tillögu að fyrirkomulagi aksturs á milli Breiðdalsvíkur og Djúpavogs og kostnaði við hana. Stjórn SSA samþykkir tillöguna.

3. Samningur um sóknaráætlun

1. Endurskoðuð sóknaráætlun 2016. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að senda sóknaráætlunina til staðfestingar hjá stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.
2. Greinargerð um endurskoðun sóknaráætlunar 2016. Lögð fram til kynningar.
3. Skipan nýs formanns fagraðs atvinnu og nýsköpunar. Framkvæmdaráði falið að koma með tillögu að nýjum formanni sem send verði til samþykktar stjórnar SSA.

4. Málefni SSA

1. Drög að dagskrá aðalfundar SSA 7.- 8. október nk. Stjórn SSA samþykkir drög með gerðum breytingum og verkefnisstjóra falið að senda þau til sveitarfélaga.
2. Drög að fjárhagsáætlun 2016-2017. Stjórn SSA mun leggja til við fjárhagsnefnd að framlög sveitarfélaganna verði hækkuð til að mæta hækkun lífeyrisskuldbindinga. Að öðru leyti eru drögin samþykkt.
3. Þriggja mánaða staða - uppgjör SSA, lagt fram til kynningar.
4. Ársfundur Austurbrúar. Farið yfir breytingar á skipulagsskrá Austurbrúar og skipan stjórnar.
5. Umsókn um spari- og gjaldeyrisreikning. Lagt fram til undirritunar.
6. Minningarsjóður Ragnheiðar og Stefáns – Umboð til úttekta og afturkall heimilda.
7. Minningarsjóður Ragnheiðar og Stefáns. Auglýstir voru tveir styrkir úr sjóðnum, tvær umsóknir bárust og var framkvæmdaráði falið að ganga frá afgreiðslu umsókna.



5. Önnur mál.

1. Íbúæþing á Vopnafirði. Stefán Grímur Rafnsson greindi frá íbúæþinginu og niðurstöðum þess.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 23. júní kl. 12.30 á Reyðarfirði.
Fundi slitið kl. 16.30.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Margrét Guðjónsdóttir

Dýrunn Pála Skaftadóttir

Andrés Skúlason

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson